



Gylfi Magnússon, dósent við Háskóla Íslands.

## SKULDIR ÞJÓÐARINNAR

# „GANGIÐ HÆGT UM GLEÐINNAR DYR!“

Gylfi Magnússon dósent varar við hrikalegum erlendum skuldum og segir að bankarnir og viðskiptalífnið séu afar illa undir það búin ef gengi krónunnar félli líkt og gerðist á árunum 2000 og 2001.

Eftir Jón G. Hauksson Myndir: Geir Ólafsson

**E**rlendar skuldir voru 36% af vergri landsframleiðslu árið 1980. Í lok síðasta árs var hlutfallið komið í um 150%.“ Þannig komst Gylfi Magnússon, dósent við Háskóla Íslands, að orði í athyglisverðu erindi sem hann flutti á hádegisverðarfundum viðskipta- og hagfræðinema nýlega.

Gylfi sagði að greiðslubyrði erlendra langtímalána væri ríflega 60% af útflutningstekjum og við það bættist svo skammtímaláni. Hann varaði við svo miklum skuldum og benti á að hrein erlend skuldastaða (eignir + skuldir) væri neikvæð um sem svaraði tveimur þriðju hlutum af vergri landsframleiðslu og að það væru gjaldyristekjur eins og hálfis árs- og nærri 60% af markaðsvirði allrar bíla- og íbúðaeignar heimila.

## Sigurður Einarsson fluttur til London

Sigurður Einarsson, starfandi stjórnarformaður KB banka, hefur flutt til London.

Eftir Guðrínu Helgu Sigurðardóttur

**E**g hef verið að ferðast mikið vegna starfa minna undanfarin ár svo að þetta er ekki mikil breyting á því sem verið hefur. Ég hef verið mikið í Svíþjóð, London, Finnlandi, Lúxemborg og svo framvegis. Ég flyt til London vegna eðlis þess starfs og starfsvettvangs sem ég gegni hjá fyrirtækinu í

**Innlendur sparnaður lítill** Hann tók sérstaklega fram að innlendur sparnaður væri mjög lítill. Á síðasta áratug hefði hann verið um eða undir 5% af landsframleiðslu. „Til samanburðar var algengt að hreinn sparnaður væri á bilinu 10 til 15% fram undir 1980. Hreinn sparnaður hefur hins vegar enn minnkað og var aðeins 1,2% á síðasta ári. Þó hefur afkoma ríkissjóðs ekki verið mjög slæm - það er einkum einkageirinn sem eyðir.“

Gylfi sagði að fjárfesting umfram sparnað kæmi fram sem viðskiptahalli. „Sóknin í erlend lán er hins vegar skiljanleg að því leyti að það er mjög lítið innlent lánsfé í boði og vextir eru háir.“

### Gengistall krónunnar þýðir verulegt áfall

Hann vék síðan að stöðu krónunnar og minnti á að gengistall krónunnar árin 2000 og 2001 hefði orðið verulegt áfall fyrir þau fyrirtæki sem höfðu tekjur í krónum en höfðu fjármagnað sig með erlendu lánsfé vegna mun lægri vaxta.

„Sú vogaða staða sem olli vandræðum árin 2000 og 2001 er orðin mun djarfari núna. Það er sérstakt vandamál að lánin eru tekin til skamms tíma svo að kerfið byggir á stöðugri endurfjármögnun.“

### Bankarnir geta lent í bobba

Hann taldi að þeir viðskiptavinir bankanna sem hefðu tekið erlend lán til að kaupa innlendar eignir þyldu illa verðfall á eignunum sem og lækkun krónunnar. „Þótt bankarnir taki ekki beint djarfari stöður með innlendum eignum og krónunni þá gera þeir það óbeint. Vandræði viðskiptavinanna verða sjálfkrafa vandræði lánveitenda þeirra.“

Gylfi benti á að bankarnir væru allir með áhættustýringarkerfi. En erlendis hefði það sýnt sig að þau væru ekki óbrigðul. „Hægt er að draga þá ályktun af stöðunni núna að óeðlilegt sé að fjármagna með skammtímalánum í erlendri mynt fjárfestingu sem er með takmarkað greiðsluhæfi. Þetta er sérstaklega hættulegt ef margir gera það. Gangið hægt um gleðinnar dyr.“

dag. Búseta í London gerir bæði starf mitt auðveldara og einfaldara jafnframt því sem það verður auðveldara fyrir viðskiptavinum og starfsfólk erlendis að hafa tal af mér þar,“ segir Sigurður.

Þegar Sigurður er spurður að því af hverju hann hafi ekki valið sér búsetu á Norðurlöndum, t.d. Svíþjóð, í samræmi þá við stefnu bankans að hafa Norðurlöndin öll sem heima-markað, segir hann að London sé miðstöð fjármálalífs auk þess sem samgöngur til og frá London séu auðveldar. Það hafi haft sitt að segja.

**Sigurður Einarsson, starfandi stjórnarformaður KB banka, er fluttur til einnar helstu miðstöðvar fjármálalífsins í heiminum, London.**

